

112

30. sept.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrækt og loðdýralánadeild, lög nr. 94 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

113

13. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Vátryggingarupphæð kynbótanauta og kynbótahesta, sem tryggðir eru samkv. 3. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi. Þyki stjórn Brunabótafélagsins vátryggingarupphæðin óeðlilega há, getur hún leitað álits ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein um málið, og ákveður hann þá vátryggingarupphæðina. Er ákvörðun hans bindandi fyrir báða aðila.

Vátryggingarupphæð gripa, sem eru tryggðir samkv. 3. gr. b-lið, ákveður vátryggjandi, og má það vera hæst tvöfalt skattmat, nema á kynbótahrútum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, þar má það vera allt að áttíöldu skattmati.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkvæmt 4. gr., má vera tvöfalt skattmat, og þó allt að fimmföldu skattmati á karldýrum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningum.

Eindagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur V. kafli laga um búfjárrækt, nr. 32 8. sept. 1931.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.